

Starfsáætlun

Hraunvallaskóla leikskóla

2014 – 2015



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.1 Matsáætlun	5
2.2 Innra mat leikskólans.....	5
2.3 Húsnæði og lóð.....	6
2.4 Ytra mat.....	6
2.5 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	7
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	7
4. Starfsmannamál	7
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	7
4.2 Starfspróunarsamtöl.....	8
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	8
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	8
5. Aðrar upplýsingar	9
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	9
5.2 Foreldrasamvinna.....	10
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	11
5.4 Almennar upplýsingar	11
5.5 Áætlanir.....	12
Fylgirit.....	12
• Matsgögn.....	12
• Leikskóladagatal	12
• Umsögn foreldraráðs.....	12
• Annað	12

1. Inngangur

Hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h.

Það sem einkenndi skólaárið var gerð nýrrar skólanámskrár út frá aðalnámskrá leikskóla, skipulagsdagar voru nýttir í þá vinnu. Fræðsla um hvern grunnþátt fyrir sig var skipulögð af Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og var síðan unnið úr þeim fyrirlestrum í skólanum af öllum starfsmönnum leikskólans. Einnig var unnið að breyttu dagskipulagi skólans ásamt endurmati á skólastarfinu og vinna að breytingum fyrir skólaárið 2014-2015.

Símenntun var á SMT fyrir starfsmenn til þess að efla færni þeirra í að nota verkfæri SMT. Allir starfsmenn sátu námskeið hjá Herdísí Storgaard um skyndihjálp og slysavarnir í leikskólum. Í starfsmannasamtölum kom fram almenn ánægja starfsmanna í starfi en jafnframt væri mikið álag vegna starfsmannaveltu og stöðugleiki mætti vera meiri í starfsmannahópinn. Einnig kom fram að starfsfólk vildi sjá betri samskipti við eldhús og einnig meiri fjölbreytni á matseðli bæði morgunmat, hádegismat og nónhressingu.

Á vegum Hafnarfjarðarbæjar var gerð foreldrakönnun. Hraunvallaskóli var með lágt svarhlutfall og fórum við í að endurskoða hvernig væri hægt að gera betur til þess að við fengjum herra svarhlutfall. Í niðurstöðum könnunar komu fram ábendingar sem við unnum úr í umbótaáætlun okkar og var þar á meðal upplýsingaflæði til foreldra sem bar þar hæst. Sérkennslubörnum fjölgaði og við erum með hátt hlutfall erlendra barna. Við höfum unnið að endurbótum til þess að mæta þörfum þeirra með markvissum hætti í dagskipulaginu og gert það t.a.m. eins myndrænt og hægt er. Mörg verkefni hafa verið unnin á árinu og ber þar að nefna samvinnu leik- og grunnskóla, danskennsla, opið hús, syngjandi jólaflæði milli deilda, þáttaka okkar á Björtum dögum og voru verk okkar sýnd í íþróttamiðstöðinni á Ásvöllum, útskrift var í maí og vorhátíð og svo tóku Hlíðarnemendur þátt í hverfahátíð Vallana með skemmtilegum söng.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.4 Matsáætlun

- Hvaða þætti leikskólastarfsins er áætlað að meta?
 1. Dagskipulagið
 2. SMT
 3. Samskipti (kennara/nemenda)
 4. Foreldrakönnun – mat foreldra á skólastarfinu og samvinnu heimilis og skóla
 5. Viðhorfskönnun hjá starfsfólki
- Hvenær/ hve oft verður metið (skipulag matsins)?
 1. Einu sinni á önn (nóvember 2014 og mars 2015)
 2. Einu sinni í mánuði og SET listinn lagður fyrir einu sinni á önn október 2014 og mars 2015
 3. Einu sinni í mars 2015
 4. Lagður fyrir matslisti í febrúar 2015
 5. Lögð fram viðhorfskönnun í mars 2015
- Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta.
 1. ECERS kvarðinn
 2. SET listinn og skráningar
 3. ECERS kvarðinn
 4. Spurningalisti leikskólans
- Hverjir munu taka þátt í matinu?
 1. Allir starfsmenn leikskólans
 2. Allir starfsmenn/nemendur leikskólans
 3. Allir starfsmenn leikskólans
 4. Allir foreldrar leikskólans

2.1 Innra mat leikskólans

- Hvaða þættir leikskólastarfsins voru metnir? (ath. að það þarf að meta allt starf leikskólans á 5 ára fresti). Endurmat var gert á öllum skipulagsdögum síðasta skólaárs sem snéru að innra starfi leikskólans og nýrri skólanámskrá.
Nemendamat og líðan í leikskólanum, starfsmannamat (starfsmannasamtöl)
 1. Hvað var metið t.d. hópastarf, samverustundir, matmálstímar, útivera, o.s.frv.
 - Hvenær/hve oft
Tvisvar sinnum yfir skólaárið (nóvember 2013 og mars 2014) voru metnar samverustundir, útiveran, matmálstímar, SMT og móttaka og kveðjustund
 - Hvernig var það metið – hvaða matsgögn voru notuð.
Með spurningalistum sem voru gerðir í skólanum og í kjölfar á þeirri vinnu var gerð umbótaráætlun.
 - Hverjir tóku þátt í matinu
Allir starfsmenn leikskólans tóku þátt í matinu
 - Hverjar voru helstu niðurstöður matsins.
Niðurstöður matsins voru að við vorum ekki öll að sigla í sömu áttina og vantaði samræmingu á milli deilda. Útivera þarfnast úrbóta. Einnig þurfum við að skoða þætti sem snúa að heimsóknum fjölskyldu í leikskólann samanber mömmu/ömmu morgna og svo pabba/afa morgna. Varðandi SMT þá þarf að efla starfsmenn í innlögnum til þess að allir starfsmenn geti lagt inn reglurnar.

- Umbætur út frá niðurstöðum matsins.
Vinna fór fram í formi funda þar sem niðurstöður voru ræddar og hugmyndaflæði sett af stað og í kjölfar þess umbótaráætlun. Unnið var að nýju dagskipulagi sem verður tekið í notkun strax í upphafi skólaárs 2014-2015. Við ætlum að festa í sessi meiri samvinnu við fjölskyldur barna í leikskólanum með markvissum hætti. Auka fjölbreytni á útisvæðum sbr. vettvangsferðir og gefur nýtt skipulag þeim þætti skólastarfsins en meira vægi. SMT: virkja alla starfsmenn í innlögnum og er það á ábyrgð deildarstjóra hverrar deildar fyrir sig.

2.2 Húsnæði og lóð

- Hver lagði mat á húsnæði og lóð og helstu niðurstöður þess, samanber fylgiskjöl.

Í janúar 2013 yfirfór Öryggisráð Hraunvallaskóla skólann og gerði umbótaráætlun í kjölfarið og í framhaldi af því var svo unnið úr flestum athugasemdum. Athugasemd varðandi loftræstikerfi í leikskólarými er í ferli hjá framkvæmdarsviði og bíður enn úrlausnar. Einnig var unnin rýmingaráætlun eftir endurskoðun húsnæðis sem var síðan kynnt fyrir starfsmönnum og í kjölfarið var framkvæmd rýming í apríl og unnin umbótaráætlun eftir að teknir voru upp punktar sem upp komu í rýmingu. Rýming gekk að öllu jöfnu vel fyrir sig.

Í maí 2013 var úttekt gerð á útisvæði framkvæmd af BSI, **sjá fylgiskjal 1**

Í apríl 2014 var úttekt gerð á útisvæði af Svanlaugi Sveinssyni, Birni B. Hilmarssyni og Guðjóni Steinari Sverrissyni frá framkvæmdarsviði Hafnarfjarðarbæjar, **sjá fylgiskjal 2**

Í júní kom Svanlaugur Sveinsson frá framkvæmdarsviði og fundaði með okkur um það sem þyrfti að gera inni hjá okkur sem og utan leikskólans og forgangsraðaði þeim verkefnum sem lágu fyrir, **sjá fylgiskjal 3**

2.3 Ytra mat

Skólaskrifstofan stendur fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár (síðast 2013) og starfsmannakönnun er áætluð árið á móti sem mannauðsstjóri Hafnarfjarðarbæjar ber ábyrgð á. Einnig má huga að því í matinu hvort að menntamálaráðuneytis eða annarra aðila hafi gert mat á síðasta ári og ef svo er þarf að koma fram:

- Hver gerði matið? Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
- Hver var tilgangurinn? Að meta skólastarfið út frá sjónarhorni foreldra leikskólans og fá fram þeirra upplifun á skólastarfinu.
- Matsaðferð.
Var rafrænn spurningalisti sem sendur var til foreldra
- Helstu niðurstöður
Almenn ánægja var hjá foreldrum en sá þáttur sem má efla er upplýsingaflæði til foreldra
- Umbætur út frá niðurstöðum ytra mats.
Í umbótaáætlun okkar út frá niðurstöðum matsins leggjum við höfuðáherslu á bætt upplýsingaflæði með póstsendingum og vikulegum deildarfréttum. Einnig leggjum við áherslu á leiðir til þess að auka þátttöku / svarhlutfalli foreldra á mati og viljum við gera það með auknum áherslum á ítrekanir á áður sendum spurningalistum og auglýsa það á heimasíðu og deildarfréttum sem og að minna foreldra persónulega á könnun sem er í gangi hverju sinni.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

1. Þróunarverkefni í læsi
Markmið verkefnisins: *Tilgangurinn með verkefninu er að jafna einstaklingsmun barna varðandi málþroska, auka orðaforða, skilning og tjáningu barna.*
Leiðir að markmiði
 - Fræðsla til foreldra
 - Fræðsla til starfsfólks
 - Að stuðla að því að ung börn fái sem mesta málörvun og hvatningu til tjáningar
 - Að skapa umhverfi sem vekur áhuga barna á lestri og gerir þau meðvituð um ritað mál.
 - Innleiða í skrefum aðferðir sem leggja áherslu á markmiðin í ólíkum aðstæðum t.d fataklefi, máltíðir, samverustund, lestrarstund, vinnustund.

Hver er ábyrgur: Bryndís Guðlaugsdóttir stýrir þessu verkefni í Hraunvallaskóla, Stekkjarás og Tjarnarás.

Mat á verkefninu er en verið að móta og mun skýrast von bráðar.

2. Verkefni
Spjaldtölvur í leikskóla.
Leiðir að aukinni notkun spjaldtölvu með markvissum hætti verður framkvæmd með aukinni fræðslu á kennslutækinu spjaldtölvu og höfum við fengið Rakel Magnúsdóttur til þess að fræða okkur á skipulagsdegi og koma inn á starfsmannafund á skólaárinu. Einnig er settur upp lokaður hópur starfsmanna á andlitssíðunni þar sem upplýsingamiðlun á milli starfsmanna fer fram. Mat á gengi verkefnisins verður í formi spurningalista til starfsmanna um þá þætti sem snúa að verkefninu í apríl 2015.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. Maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennari	9	8,76 stg	Leikskólakennari
Leikskólaleiðbeinandi A	6	6 stg	Grunnskólakennari, framhaldsskólakennari og BS. Í sálfræði
Leikskólaleiðbeinandi B	2	2 stg	Guðfræði og BS. í sálfræði
Leiðbeinandi	22	22 stg	Flestir með stúdentspróf
Samtals	39	38.76	

4.2 Starfspróunarsamtöl

Starfspróunarsamtöl voru tekin í marsmánuði 2014 og var skipulag með þeim hætti að starfsmenn voru boðaðir í samtal og tók leikskólastjóri þau samtöl. Unnið var í framhaldi af þeim áætlunum um símenntun og aðra þætti starfsins til þess að auka og nýta mannauðinn í skólanum. Almenn starfsánægja er ríkjandi en þó eru nokkrir þættir sem þarf að festa í sessi og er unnið að þeim þáttum út frá umbótaráætlun samtalanna.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

Allir starfsmenn tóku þátt í símenntun á síðastliðnu skólaári með einum eða öðrum hætti. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hélt nokkur námskeið sem voru vel sótt og svo voru haldnir fyrirlestrar innan skólans sem bæði voru haldnir af starfmönnum sem og fagaðilum annarsstaðar frá sbr. Herdís Storgaard sem var með skyndihjálparnámskeið fyrir alla starfsmenn.

SMT fræðsla var haldin innan skólans fyrir alla starfsmenn.

Stjórnendur Hraunvallaskóla fóru á námskeið hjá Eypóri Eðvarðssyni og tóku á þáttum eins og t.a.m. erfiðum starfsmannasamtölum og erfiðum starfsmannamálum.

Kristjana Ólafsdóttir iðjubjálfi hélt fyrirlestur fyrir alla starfsmenn leikskólans um ADHD.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Megináhersla í símenntun leikskólans næsta skólaár er að tengja starfsmannahópin inn í læsisverkefnið og munum við leggja áherslu á góða fræðslu og eftirfylgni í að próa það verkefni þar sem Bryndís Guðlaugsdóttir leiðir verkefnið.
- Við munum leggja áherslu á að fá námskeið fyrir spjaltdölvunotkun í leikskólanum og efla okkur í því kennslutæki.
- Þrír leikskólakennarar munu sækja námskeið í TRAS.
- Við þurfum að byggja upp þekkingu innan leikskólans á einhverfu og munum við senda starfsmenn á námskeið tengda því sem og ADHD. Mikilvægt er að leikskólinn búi yfir þessari sérhæfðu þekkingu á sviði þessara mikilvægu málaflokka.
- SMT fræðsla verður á sínum stað og munum við halda áfram þeirri fræðslu til þess að viðhalda okkar þekkingu.
- Fyrirhuguð er ferð til Brighton í maí 2015 sem allir starfsmenn leikskólans taka þátt í. Tilgangur ferðarinnar er að skoða kennslu með Numicon kubbum og njóta fræðslu um þá þar sem við erum að vinna með þetta kennslutæki með markvissum hætti og viljum efla þann þátt til muna í okkar starfi í leikskólanum.
- Einnig verður Herdís Storgaard með námskeið í janúar 2015 þar sem hún mun fara yfir skyndihjálp í leikskóla sem og almennar slysavarnir.
- Tveir kennarar munu taka þátt í ART þjálfun sem gengur út á bætt samskipti og betri líðan sem tónar vel við okkar áherslur í skólastarfinu.
- Námskeið hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum skólaárið 2013-2014 voru 153 nemendur
- Kynjahlutfall: 69 drengir og 84 stúlkur
- Dvalarstundir: 1180 dvalarstundir
- Deildargildi: 1290,6 dvalarstundir
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki : 10 nemendur
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik og annað).
Tvö börn með mál- og hegðunarfrávik, sex börn með málþroskafrávik og fimm börn með hegðunafrávik. Einnig eru fimm tilvísanir í ferli.
- Fjöldi barna með ofnæmi eru tvö
- Fjöldi barna með fæðuóþol eru sjö
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku eru þrjátíu
- Fjöldi tungumála eru ellefu
- Þjóðerni forsjáraðila (fjöldi Pólverja, Spánverja, o.s.frv.)
- Sautján frá Póllandi
- Tveir frá Litháen
- Þrír frá Rúmeníu
- Tveir frá Nígeríu
- Einn frá Filipseyjum
- Einn frá Slóvakíu
- Einn frá Kína
- Einn frá Serbíu
- Einn frá Tælandi
- Einn frá Portúgal.

5.2 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð var kosið á Aðalfundi foreldrafélagsins þann 18. september 2013 og eru 3 fulltrúar sem sitja í ráðinu ásamt skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Ráðið hittist reglulega til þess að fara yfir áætlanir og ræða ýmis mál.
- Foreldrafundur: Aðalfundur foreldrafélagsins er áætlaður 30. september 2014 og verður fyrirlestur á þeim fundi sem ber nafnið „Ertu orðinn leiður á tuðinu ? Viltu vita meira um jákvæð samskipti?“ sem Páll Ólafsson félagsráðgjafi heldur fyrir foreldrasamfélagið.
- Foreldrasamtöl voru haldin skólaárið 2013-2014 í mars 2014 og er búið að tímasetja þau fyrir skólaárið 2014-2015 í febrúar 2015.
- Foreldrafélag

LÖG FORELDRAFÉLAGS HRAUNVALLASKÓLA - LEIKSKÓLA

1. gr. Félagið heitir Foreldrafélag Hraunvallaskóla – leikskóla
2. gr. Heimili félagsins og varnarþing er í Hafnarfirði Drekavöllum 9
3. gr. Tilgangur félagsins er að stuðla að aukinni afþreyingu fyrir börnin, stuðla að uppbyggilegri fræðslu fyrir foreldra og hafa eftirlit með starfsemi leikskólans í samstarfi við stjórnendur leikskólans.
4. gr. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að halda lýðræðislega fundi og halda öflugum samstarfi með foreldrum barna í leikskólanum auk starfsmanna leikskólans.
5. gr. Stofnfélagar eru: Hildur Erlingsdóttir, Harpa Gústavsdóttir, Dagmar Gústafsdóttir og Ragnheiður B. Guðmundsdóttir
6. gr. Félagsaðild. Allir foreldrar leikskólabarna eru í foreldrafélagi leikskólans, nema að þeir haki við nei á leikskólasamningi barnsins í upphafi leikskólagöngu.
7. gr. Stjórn félagsins skal skipuð mörgum félagsmönnum þ.e. formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara, upplýsingafulltrúa auk meðstjórnenda. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn en formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundi sem haldnir verða fyrsta miðvikudag hvers mánaðar og þegar þurfa þykir. Daglega umsjón félagsins annast formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri í samstarfi við meðstjórnendur. Fimaritun félagsins er í höndum: upplýsingafulltrúa auk allrar stjórnar sameiginlega.
8. gr. Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þáttakendur í aðalfundi.
9. gr. Árgjald félagsins er 6000 krónur og skal það innheimt í tvennu lagi, að hausti 3000 krónur og svo að vori 3000 krónur.
10. gr. Rekstrarafgangi / hagnaði af starfsemi félagsins skal verja til tólmstunda og fræðslu er varðar börnin í leikskólanum.
11. gr. Ákvörðun um slit félagsins verður tekin á aðalfundi/stjórnarfundi með einföldum meirihluta.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins og öðlast gildi 1. nóvember 2006.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Samvinna leik- og grunnskóla er markviss þar sem elstu nemendur leikskólans og fyrstu bekkjar nemendur hittast að jafnaði einu sinni í viku. Einnig er samstarf milli sjötta bekkjar og elstu barna leikskólans vegna útskriftar leikskólanemenda.

Yngri deildar eru í samstarfi við fimmta bekk í tengslum við Dag íslenskrar tungu 16. nóvember.

Nemendur í áttunda, níunda og tíunda bekkja grunnskólans geta valið leikskólann sem valgrein sína. Markmið valsins er að kynna sér leikskólastarfið og að vinna með ungum börnum einu sinni í viku 80 mínútur í senn.

5.4 Almennar upplýsingar

- Skipulagsdagar skólaárið 2014-2015 verða 29. september 2014, 5. janúar 2015, 25. febrúar 2015 og 13. og 15. maí vegna námsferðar starfsmanna til Brighton. Að öllu jöfnu eru sameiginlegir skipulagsdagar leikskóla og grunnskóla Hafnarfjarðar.

[Sjá fylgiskjal \(skóladagatal 2014-2015\)](#)

Breyta þurfti einum skipulagsdegi eftir útgáfu skóladagatal þar sem 21. nóvember var áætlaður í skipulagsdag en í stað hans kemur skipulagsdagur 25. febrúar 2015.

5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - Einelti
 - Ofbeldi
 - annað
- Viðbragðsáætlun við
 - Slysum
 - áföllum
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði október 2014

Leikskólastjóri